

Fundargerð 48. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 14. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Dána Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Arnór Benónýsson boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staðan í vindorkumálum - 2201001SO

Guðjón Bragason, lögfræðingur sambandsins fór yfir stöðuna í vindorkumálum. Kynntur var nýr starfsmaður sambandsins, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur. Hún mun m.a. sjá um mál er tengjast orkumannvirkjum.

Stjórn samtakanna hefur áhuga að senda bréf/minnisblað til ráðherra. Upplaggið væri að kynna samtökin og kalla eftir nánara samráði á þeim málefnum sem samtökin eru að beita sér fyrir.

Stefán Bogi Sveinsson vék af fundi kl. 9:30

2. Ársreikningur 2020 - 2105001SO

Ársreikningur 2020 lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir Ársreikning 2020.

3. Stefnumörkun og aðgerðir - 2011002SO

Formaður fór yfir stefnumörkun stjórnar og aðgerðir sem eru á dagskrá.

Stjórnin leggur áherslu á að kynna starfsemi samtakanna með það fyrir augum að fjölga aðildarfélögum. Að stjórnarmenn skrifi greinar í fjölmiðla um starf og sjónarmið samtakanna. Að skoða mögulega fræðsluerindi eða fyrirlestra í tengslum við starf samtakanna. Að fara yfir samþykktir samtakana með aðstoð lögfræðinga sambandsins.

Fundi var slitið kl. 09:45

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Skarphéðinn Orri Björnsson

Stefán Bogi Sveinsson